

11.5.2012

Umsögn stjórnar Ríkisútvarpsins um þingmál, lagafrumavarp 748 140. Löggjafarþing.  
Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu (heildarlög).

Stjórn Ríkisútvarpsins leggur sérstaka áherslu á þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að tekjum RÚV, því það er grundvallarforsenda fyrir sjálfstæði almannafjölmiðils, ekki síst ritstjórnarlegs sjálfstæðis, að stjórnvöld geti ekki gert breytingar á tekjustofnunum frá ári til árs, eftir geðþótta eða sveiflum í fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Tekjustofnar almannafjölmiðils þurfa ekki aðeins að vera vel tryggðir heldur líka fyrirsjáanlegir fram í tímann. Í nágrannalöndunum hafa almannafjölmiðlar sína eigin tekjustofna, það er meginreglan. Á Íslandi er innheimt útvarpsgjald (nefskattur), en því miður hafa tekjur af því ekki runnið að fullu til RÚV eins og lagt var upp með í upphafi.

Stjórn RÚV telur mikilvægustu ákvæði frumvarpsins felast í því að tekjustofn RUV sé vel skilgreindur, tryggður og öruggur til lengri tíma. Þá áréttar stjórnin mikilvægi þess að boðuð skerðing á auglýsingatekjum sem í frumvarpinu felst, haldist í hendur við að útvarpsgjaldið renni óskert til RÚV eins og það á að gera. Séu þessi atriði tryggð telur stjórn RÚV að framfaraskref sé stigið með því að frumvarpið verði að lögum.

Reykjavík. 11.05.2012  
Fyrir hönd stjórnar.  
Björg Eva Erlendsdóttir.  
181260-4759.